

Þingsályktun

um að efla stöðu einstaklinga sem ekki eru mældir á íslensku
í samskiptum þeirra við stjórnvöld.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að innleiða sem fyrst samræmda framkvæmd stjórnvalda um notkun tungumála í samskiptum þeirra við borgara sem ekki tala eða skilja íslensku þannig að meðferð mála þeirra samrýmist skráðum sem óskráðum reglum stjórnsluréttar.

Jafnframt verði álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 9938/2018 haft til grundvallar við endurskoðun stjórnslulaga sem nú fer fram í forsætisráðuneytinu með það að markmiði að tryggja á raunhæfan hátt þátttökurétt borgara sem ekki tala eða skilja íslensku í undirbúningi ákvarðana stjórnvalda í málum þeirra.

Samþykkt á Alþingi 12. júní 2021.